

**230. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 21. febrúar 2022 og hófst hann kl. 16:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Ólafur Adolfsson tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

**Fyrir tekið:**

- 1. 2104149 - Grunnskólalóðir - endurgerð (Brekubæjarskóli - Grundaskóli)**  
Kostnaðaráætlun fyrir endurnýjun lóða við Grundaskóla og Brekkubæjarskóla.  
*Inga Rut Gylfadóttir landlagsarkitekt, sat fundinn undir þessum dagskrárlíð.*

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi áform um endurnýjun á skólalóðum við Grundaskóla og Brekkubæjarskóla á árinu 2022. Málinu er að öðru leyti vísað í skóla- og frístundaráð.*
- 2. 1606006 - Aðalskipulag - endurskoðun 2021-2033**  
Umræður um endurskoðun aðalskipulags.  
*Árni Ólafsson skipulagshönnuður fór yfir vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins. Stefnt að því að fullbúinn skipulagsgögn liggja fyrir á næsta fund ráðsins.*
- 3. 2110009 - Innanbæjar- og frístundastrætó**  
Útboðsgögn vegna innanbæjar- og frístundastrætó  
*Ólafur Adolfsson vék af fundi undir þessum lið.*

*Farið var yfir útboðsgögn á innanbæjar- og frístundastrætó. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi útboðsgögn og felur Jóni Ólafssyni verkefnastjóra að bjóða út verkið.*
- 4. 2112195 - Deiliskipulag Sementsreits - Suðurgata 92, 94, 96**  
Breyting á mænishæð var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. sbr. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga, frá 14. janúar til og með 13. febrúar 2022. Engar athugasemdir bárust  
*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B deild Stjórnartíðinda.*
- 5. 2009133 - Aðalskipulag Hausthúsatorg - breyting**  
Breyting á aðalskipulagi skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var auglýst frá 30. desember til og með 17. febrúar 2022. Engar athugasemdir bárust. Umsagnir

bárust frá Veitum og Landsneti á auglýsingartíma.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn, að breyting á aðalskipulagi vegna Hausthúsatorgs verði samþykkt og send Skipulagsstofnun.*

**6. 2009134 - Deiliskipulag Hausthúsatorg**

Nýtt deiliskipulag skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var auglýst frá 30. desember til og með 17. febrúar 2022. Engar athugasemdir bárust. Umsagnir bárust frá Veitum og Landsneti á auglýsingartíma.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagið verði samþykkt, sent Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.*

**7. 2108135 - Jafnlaunavottun - viðhaldsvottun 2022**

Viðhaldsvottun jafnlaunavottunar fer fram dagana 28. febrúar og 1. mars næstkomandi.

Jafnlaunakerfi Akraneskaupstaðar er í sífelldri endurskoðun og lögð er til smávægilegar orðalagsbreytingar á jafnlaunastefnu Akraneskaupstaðar sem samþykkt var í bæjarstjórn Akraness þann 12. janúar 2021.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir breytingar á jafnlaunastefnu Akraneskaupstaðar og vísar stefnunni til samþykktar í bæjarstjórn Akraness.*

**8. 2202110 - Niðurrif eigna í eigu Akraneskaupstaðar.**

Niðurrif á mannvirkjum í eigu Akraneskaupstaðar.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að fjárfestingaráætlun 2022, verði uppfærð m.t.t. þess að hús við Suðurgötu 108, Suðurgötu 124, Dalbraut 8 og Dalbraut 10 verði rifinn.*

**9. 2202122 - Vetraraðstaða til útileikja**

Aðstaða til leikja yfir vetrartímann.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að reynt verði að bæta umgjörð um aðstöðu til leikja yfir vetrartímann, horft verði m.a. til eftirfarandi þátta:*

*Stækka hól við Jörundarholt.*

*Skoða með skautasvell í skógrækt og fleiri stöðum.*

*Koma upp aðstöðu fyrir gönguskíðabrautir.*

*Skipulags- og umhverfisráð felur skipulags- og umhverfissviði að vinna málið áfram.*

*Leitað verði til íbúa um tillögur til úrbóta á aðstöðu til vetrarleikja.*

Ólafur Adolfsson samþykkti fundagerðina með rafrænum hætti.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:40.**